

unni. Á sama hátt ber skipasmiðnum eða skipsmíðastöðinni að leggja fram skriflegt samþykki eiganda (kaupanda) skipsins fyrir skráningunni.

Skip verður ekki skráð nema fyrir liggi yfirlýsing Siglingastofnunar Íslands um að skip sé komið svo langt á veg að hægt sé á tryggilegan hátt að sérgreina skipið. Þó verða skip skv. 1. gr. ekki skráð nema að lokið hafi verið við byrðing, búið að bandsetja eða skipið komið á sambærilegt byggingarstig.

Þá verður skip ekki skráð nema að það sé skráningarskylt skv. 1. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum.

3. gr.

Í skránni skal greina um hvert skip:

1. Fyrirhugað nafn og heimahöfn.
2. Smíðaár.
3. Smíðastað.
4. Gerð skipsins.
5. Fullt nafn og heimilisfang eigenda skipsins. Ef skip er í eign félags eða stofnunar skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.

4. gr.

Þegar skipið er skráð á aðalskipaskrá skal aflétta bráðabirgðaskráningunni.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985 og öðlast þegar gildi.

Siglingastofnun Íslands, 25. janúar 2002.

Hermann Guðjónsson.

AUGLÝSING

um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 612/2001, eru gjöld vegna námskeiðs sem halda á fyrri árshelmning 2002 ákveðin þessi:

Kennslugjald vegna II.-hluta námskeiðs kr. 60.000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. febrúar 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.